



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Á aðventu 2012.

Sharing Our Vision – Strengthening Our Society.

Frá orðum til athafna.

Kæru formenn deilda.

Aðventan er góður tími, tími fallegra hugsana, þar sem fólk keppist við að finna eitthvað fallett til að gleðja aðra. Þrátt fyrir mikið skammdegi, þá lýsa jólaljósirnir umhverfið og minna á hátíðina sem í vændum er.

Ég skrapp austur til Egilsstaða og var á jólafundi Zeta deildar í nóvember. Þar var allt á kafi í snjó, afskaplega jólalegt. Fundurinn var mjög vel sóttur og komu félagskonur akandi frá hinum ýmsu byggðarlögum um mislangan veg. Gestur fundarins var leikskólakennari sem janframt kennir jóga og tók hún okkur í jóga slökunartíma sem var mjög viðeigandi á þessum erilssama árstíma. Í lok nóvember brá ég mér austur fyrir fjall og sat jólafund Epsilon deildar á Hótel Heklu á Skeiðum, þar sem við ráðgerum aðalfundinn þann 4. maí næstkomandi. Gestur fundarins fræddi okkur um Indlandsferðlag sem hún hafði farið í og brá upp myndasýningu úr ferðinni, það var mikið ævintýri og fróðlegt að sjá og hlusta á.

Þriðji og síðasti jólafundurinn sem ég sótti í ár var í minni deild, Alfa deild. Hann var haldinn í Nauthól. Gestur fundarins var rithöfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir. Hún las upphafið úr nýútkominni bók sinni, Undantekningin. Mjög vel skrifað og lofaði fyrsti kaflinn góðu um framhaldið, var samdóma álit deildarkvenna.

Þessir þrjú jólafundir voru afar hátíðlegir og ánægjulegir en gjörólíkir. Það er einstaklega skemmtilegt að upplifa hversu mikil fjölbreytni ríkir innan okkar félagskparar. Í öllum deildum virðist starfið blómstra og þið eruð duglegar að halda vel utan um ykkar deildarkonur.

Landssambandið.

Stjórn landssambandsins boðaði til fundar í nóvember með formönnum nefnda og fulltrúum okkar í alþjóða nefndum. Þar var farið yfir og spjallað vítt og breytt um starf DKG innanlands og á alþjóðavettvangi. Á fundinum kom vel í ljós, hversu mikilvægt það er fyrir félagskonur að fara reglulega inn á alþjóðavefinn til að kynna sér fyrir hvað samtökin standa og hvað er á döfinni. Ég hvet ykkur til að fara alltaf inn á okkar vef og alþjóðavefinn fyrir hvern fund sem þið haldið í ykkar deildum.

Gönguferðirnar.

Gönguferðirnar okkar í Öskjuhlíðinni hafa ekki verið nægilega vel sóttar. Hreint ótrúlegt en satt, en það eru sömu fjórar til fimm konur sem hafa mætt. Margrét Jónsdóttir íþróttakennari í Gamma deild er einstök í sinni handleiðslu um Öskjuhlíðina og ekki til neitt eins skemmtilegt og hressilegt og að fara út

að labba með henni. Við þökkum Margréti fyrir góða handleiðslu fyrri hluta vetrar. Spurning, hvort framhald verður á gönguferðunum.

Ársskýrslur.

Ágætu formenn það sem liggur fyrir í upphafi árs hjá ykkur, er að ljúka ársskýrslu á þar til gerðum eyðublöðum nr. 2 og nr. 36, eyðublöðin voru send til ykkar, bæði í pósti og rafrænt frá höfuðstöðvunum í nóvember, þau má einnig finna á netsíðunni undir Forms. Skýrslunum þarf síðan að skila til Elínborgar Sigurðardóttur formanns félags og útbreiðslunefndar elinborg@skolasud.is og afrit á mig fyrir 1. febrúar 2013. Elínborg þarf að ganga frá einni sameiginlegri skýrslu fyrir allar deildir til höfðustöðvanna. Ef þið eigið í erfiðleikum með málið, hafið þá endilega samband við Elínborgu eða mig siggaraqna@gmail.com og við munum aðstoða ykkur eftir bestu getu.

Félagatalið.

Nýtt félagatal er komið á vefinn og þar getið þið nálgast það með lykilorðinu okkar.

Afríkuverkefnið, Schools for Africa.

Beta deildin á Akureyri afhenti myndarlega upphæð til Unicef á Íslandi í haust sem deildarkonur hafa safnað saman á fundum (sjá netsíðu Beta-deildar).

Þetta er glæsilegt framleg, til hamingju með það konur í Beta deild.

Á vörpingi okkar í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík safnaðist nokkur hundruð krónur í bauk sem lá frammi í sama tilgangi. Engin undur þó ekki hafi safnast meira í hann, þar sem 90.000 krónur söfnuðust, á sama fundi, til Mæðrstyrksnefndar í sjóð til styrktar einstæðum mæðrum í framhaldsnámi.

Ef einhverjar deildir hafa safnað til verkefnisins Schools for Africa sem þær vilja koma á framfæri til Unicef, væri gott að hafa samband við Guðbjörgu M. Sveinsdóttur Beta deild gugga@mitt.is gjaldkera og mig og við munum síðan safna þessu í einn pott og afhenda það til Unicef á nýju ári.

Stjörnunámskeið DKG

Minni ykkur einnig á að bóka leiðtoganámskeiðin sem stjórn landssambandsins hefur beðið Sigrúnu Jóhannesdóttur Sigrun@frae.is Delta deild að taka að sér að halda fyrir deildirnar. Námskeiðin geta verið mislöng, allt eftir óskum ykkar. Tilgangurinn er að efla konur til árangurs í félaginu, auka sjálfstraust til að taka að sér mismunandi verkefni jafnt innan DKG sem utan.

Kveðjur.

Í lok árs minnumst þeirra félagskvemma sem létust á árinu með söknuði, þakklæti og virðingu fyrir framlag þeirra og störf innan DKG. Þær eru Guðrún Halldórsdóttir Alfa deild, Kristín Steinarsdóttir Eta deild og Valborg Sigurðardóttir Alfa deild.

Stjórn landssambandsins ákvað að gefa 10.000 krónur í minningarsjóð Kristínar Steinarsdóttur sem rennur til fatlaðrar dóttur hennar.

Fyrir hönd stjórnar landssambandsins óska ég ykkur ágætu formenn og fjölskyldum ykkar gleðilegrar jólahátíðar og þakka ykkur góð kynni og gott samstarf á árinu.

Megi nýtt ár færa ykkur frið, farsæld og frjósamt Delta-Kappa-Gamma ár.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir
Forseti landssambandsins